



Stefan Orlandi kom með bikarinn yfir brúna annað árið í röð

Þriðja og síðasta umferð Íslandsmeistaramóts í kappakstri mótórhjóla fór fram á kappakstursbraut Kvartmíluklúbbsins í Hafnarfirði þann 10. ágúst síðastliðinn.

Ítalski Selfyssingurinn Stefan Orlandi landaði þar Íslandsmeistaratitlinum í götuþjólakappakstri annað árið í röð eftir að hafa haft mikla yfirburði í keppnum sumarsins og endurtekið leikinn frá því í fyrra með því að slá eigið brautarmet í úrslitaviðureigninni en hann fór brautina, sem er 2.410 metrar, á tímanum 1:22:466 á Honda CBR 600rr.

Þrjár keppnir fara fram á keppnistímabilinu, keppt er í tveimur lotum og tímátöku í hvert sinn. Stefan var í 1. sæti í fjórum af sex lotum tímabilsins og 2. í tveimur og lauk keppni með 140 stigum, en á eftir honum komu Jóhann Leví Jóhannsson með 114 stig og Árni Þór Jónsson með 110 stig.

Í samtali við Dagskrána segir Stefan að tilfinningin að hreppa Íslandsmeistaratitlinum sé mjög góð. „Gott að vinna tvisvar í röð til þess að undirstrika góðan árangur og ég er ánægður með að hafa bætt brautarmetið mitt síðan í fyrra.“

Þá segist hann mjög þakklátur þeim sem hafi stutt hann í gegnum þetta ferli. „Og þar að leiðandi gefið mér tækifæri á að stunda þetta frábæra sport. Fyrst og fremst er ég þakklátur fjölskyldu minni og vinnuveitandanum mínum. Nú tekur við biðin eftir næsta sumri en sem betur fer hefur maður nóg að brasa fram að því meðal annars að fara á MotoGP kappakstur á Ítalíu í september. Síðan kemur pílutímabilið og þar á eftir kemur vonandi nóg af snjó svo hægt sé að skella sér á snjóbretti.“ segir Stefan kátur að lokum. *HGL*

Ágústa hlaut lista- og menningarverðlaun Ölfuss

Ágústa Ragnarsdóttir hlaut lista og menningarverðlaun Ölfuss árið 2024 fyrir ómetanlegt starf í þágu menningarmála í Ölfusi og fyrir öflugt og eftirtektarvert framlag til listar, fræðslu og hönnunar í heimabyggð.

Ágústa er grafískur hönnuður og hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum í Ölfusi, bæði sem hugmyndasmiður og leiðtogi. Hún er formaður Lúðrasveitar Þorlákshafnar og hefur verið lykilmáður í tónlistarstarfi sveitarinnar. Ágústa er þekkt fyrir samstarfsvilja og hefur staðið að ýmsum menningarverkefnum í sveitar-



félaginu, þar á meðal sögusýningum, söguskiltum og listskreytingum. Hún hefur einnig opnað heimili sitt fyrir listviðburði á hátíðum. Verðlaunin eru verðskulduð viðurkenning á afkastamiklu starfi hennar. *HGL*

Töðugjöld 30 ára



Í ár eru liðin 30 ár frá því íbæjarhátíðin Töðugjöld á Hellu var haldin í fyrsta sinn. Hátíðin hófst í byrjun vikunnar og lýkur á sunnudag eftir viðburðaríka viku.

Axarkast, hellaferðir, Töðugjaldahlaupið, kvöldvaka,

dansleikur og fjölskyldutónleikar eru meðal þess fjölmarga sem á boðstólum verður fyrir heimafólk og gesti á Hellu um helgina en stórskemmtilega dagskrá Töðugjalda má finna á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. *HGL*

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)

Verðlaun veitt af ástæðu

Umhverfisverðlaun Ölfuss 2024

Það rík ástæða fyrir því að sveitarfélög verðlauna fólk sem hugsar vel um húsin sín og húsgarðana. Þegar íbúar hugsa vel um eignir sínar, bætir það almennt umhverfi sveitarfélagsins. Vel við haldin hús og garðar gera svæðin meira aðlaðandi fyrir bæði íbúa og gesti, og stuðlar samhliða að auknu stolti íbúa og jákvæðri ímynd sveitarfélagsins.

Þetta á sannarlega við í Ölfusi. Annaðhvert ár verðlaunum

við góða umhirðu húsnæðis og garða með svokölluðum umhverfisverðlaunum. Við höfum fundið að þannig getum við stuðlað að aukinni samfélagsvitund og samheldni. Þessar viðurkenningar verða til þess að fólk verður betur meðvitað um nærumhverfi sitt. Þá er það einnig svo að vel viðhaldið hverfi er líklegra til að halda eða jafnvel auka verðmæti fasteigna í sveitarfélaginu.

Við sem skipum Umhverfis-

nefnd Sveitarfélagsins Ölfuss höfum nú valið hverjir hjóta Umhverfisverðlaun fyrir árið 2024 og eiga þar með að okkar mati falglegustu garða sveitarfélagsins. Sem fyrr segir eru þessi verðlaun eru veitt annaðhvert ár og á móti því eru veitt verðlaun fyrir snyrtilegustu fyrirtækin og snyrtilegustu götuna.

Verðlaunin hafa þegar verið veitt og er niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi :



Skálholtsbraut 1, Þorlákshöfn

Skálholtsbraut 1 tilheyrir elsta hluta Þorlákshafnar og er því partur af gömlu byggðinni, sú byggð verður til áður en Landgræðsla hefst og fer að skila árangri umhverfis bæinn. Því hefur verið gríðarleg vinna að halda snyrtilegan garð í árdaga byggðarinnar. Ársæll Guðmundsson hefur búið í Þorlákshöfn um langa hríð og hefur lóð Ársæls alla tíð verið til fyrirmyndar, snyrtileg og stílhrein.



Ársæll tekur við skildinum á lóð sinni.



Finnsbúð 9, Þorlákshöfn

Hjónin Sigríður Sveinsdóttir og Sigurður Bjarnason hafa lagt mikla vinnu í að gera lóð sína gríðarlega fallega, þau tilheyra nýrri byggð Þorlákshafnar. Umhverfi lóðar þeirra gleður augað hvar sem á er lítið og er öðrum hvatning að fegra umhverfi sitt.



Sigríður og Sigurður taka við skildinum á lóð sinni.



Þorbjörg og Stefán taka við skildinum á lóð sinni.

Gil, Ölfusi

Þorbjörg Lilja Jónsdóttir og Stefán Magnússon á Gili í Ölfusi byggðu sér hús á túni foreldra Þorbjargar fyrir um tuttugu árum síðan. Í upphafi þurftu þau að koma niður trjám í útjaðri til að búa til skjól á lóð sinni, eftir það gátu þau lagt allt kapp í lóðina umhverfis húsið. Lóðin þeirra sem nú er orðin glæsileg skartarunnum af ýmsum gerðum innan um grjóthleðslur og gosbrunna.

Um leið og ég hvet íbúa til að taka þátt í bæjarhátíðinni Hamingjan við hafið vil ég minna á að verðlauna garðarnir verða til sýnis fyrir gesti bæjarhátíðarinnar á sunnudaginn 11. ágúst milli kl. 13 og 15. Þar er margt að sjá og margar hugmyndir munu örugglega kvikna en í öllum þeim gördum sem verða til sýnis má finna ýmislegt sem gleður auga og yljár hjarta.

Geir Höskuldsson
Formaður Skipulags- og umhverfisnefndar



Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Ingimar Ottósson

Bóndi og fyrrum sjómaður
Vorsabæjarháleigu
Flóahreppi



lést á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi, þann 4. ágúst sl. útför hans fer fram frá Selfoskirkju, þriðjudaginn 20. ágúst kl. 14:00

Peir sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Helgu Ívarsdóttur reikn. 0152-05-260416 kt. 471077-0119

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Steinar Hólmsteinsson
Guðmundur Ingimarsson
Sigurbjörg Ingimarsdóttir
Díana Margrét Hrafnisdóttir
Margrét Jóna Bjarnadóttir
Anný Ingimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn


Aðalfundur Kvenfélags Stokkseyrar

Aðalfundur Kvenfélags Stokkseyrar verður haldinn mánudagskvöldið 2. september kl. 20. Fundurinn verður haldinn í Ásgeirsbúð sem er safnaðarheimili Stokkseyrarkirkju.

Venjuleg aðalfundarstörf og starfsemi komandi vetrar rædd.

Við viljum hvetja allar konur til að mæta og kynna sér fyrir hvað félagið okkar stendur, léttar veitingar í boði.

Hlökkum til að sjá sem flestar.
Stjórn Kvenfélags Stokkseyrar.






NÝTT LITAKORT FRÁ JÓHÖNNU

#NÚGGAT

25%

AFSLÁTTUR AF
INNIMÁLNINGU
OG INNILÖKKUM



MÁLNINGAR- DAGAR

Vnr. 86620010



NÚNA -25%
2.846
3.795



KÓPAL 10 INNIMÁLNING 1L

Vatnsþynnanleg lyktarlaus plastmálning sem hylur einstaklega vel og ýrist lítið við rúllun. Kópal 10 er sérlega hentug í herbergi þar sem óskað er hálmattrar áferðar.

Vnr. 86620040



NÚNA -25%
7.349
9.795



KÓPAL 40 INNIMÁLNING 4L

Vatnsþynnanleg lyktarlaus plastmálning sem hylur einstaklega vel og ýrist lítið við rúllun. Kópal 10 er sérlega hentug í herbergi þar sem óskað er hálmattrar áferðar.

Vnr. 86602709



NÚNA -25%
5.247
6.995



INNIMÁLNING 10 BASE 2,7L

Lyktarlítill vatnsþynnanleg akrýlínímálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Notast á flest alla fleti innandyrna t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

Vnr. 86312010



NÚNA -25%
4.496
5.995

BLÆR 30 SILKIMATT 1L

Slitsterkt olíulakk með góða þekju, fánlegt bæði í silkimöttu (30%) og háglans (90%). Silkimatta lakkid er hægt að blanda í öllum litum en háglans lakkid er einungis í ljósum litum.

VALDAR VÖRUR

40-70% AFSLÁTTUR

MARKAÐSDAGAR

Komdu og
gramsaðu

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öð myndabrengl.

Íbúapróun í Hveragerði

Friðrik Sigurbjörnsson

Bæjarfulltrúi og oddviti D-listans í Hveragerði



Hún var athyglisverð samantektin hjá Morgunblaðinu um helgina, sem unnin var úr gögnum frá Þjóðskrá um íbúapróun í sveitarfélögum frá 1. desember 2023 til 1. ágúst 2024. Það sem helst vakti athygli mína er að Hveragerði, sem í mörg ár tróndi á toppnum yfir fjölgun íbúa í sveitarfélögum á Suðurlandi, situr nú neðst á þeim lista.

Íbúafjölgun á þessu tímabili í Hveragerði er einungis um 0.4% eða um 14 manns. Á sama tíma fjölga íbúum í Hrunamannahreppi um 53 manns, Rangárhreppi um 85 manns, Ölfusi um 106 manns og í Árborg um 358 manns. Til samanburðar fjölgaði íbúum í Hveragerði árið 2022 um 207 og árið 2023 um 157.

Maður fer óhjákvæmilega að velta fyrir sér hver ástæðan fyrir þessari litlu íbúafjölgun í Hveragerði sé. Þegar skoðað er hvað hefur verið gert í Hveragerði frá síðustu kosningu eða á síðustu


2 árum til að halda áfram að byggja upp og efla Hveragerði kemur í ljós að nær engin uppbygging á innviðum bæjarinnar hefur orðið. Fáar lóðir verið úthlutaðar, loforð um uppbyggingu íþróttamannvirkja hafa ítrekað verið svikin, sofanda háttur í uppbyggingu fráveitumannvirkja og engin uppbygging í leikskólumálum þar til nú með umdeildri viðbyggingu við leikskóla. Allt eru þetta grundvallar atriði sem þurfa að vera í lagi til að laða fólk að í sveitarfélagið.

Uppbygging innviða samhliða íbúafjölgun er mikilvæg og þetta höfðum við á D-listanum að leiðarljósi árin sem við vorum í meirihluta, enda sýna tölur um fjölgun íbúa það bersýnilega og

sú mikla uppbygging sem var í sveitarfélaginu. Eftir síðustu kosningar höfum við ítrekað bent á og komið fram með lausnir til að byggja áfram upp innviði sem núverandi meirihluti hefur oftast ekki viljað hlusta á.

Mikið hefur verið rætt um það í fjölmiðlum og víðar að undanförunu að auka þurfi framboð á lóðum og íbúðarhúsnæði og að sveitarfélögin verði að leiða þá þróun. Það er nægt land til að byggja á í Hveragerði og fjárhagsstaða sveitarfélagsins síðasta áratuginn hefur verið sterk. Hveragerði hefur alla burði til að halda áfram að tróna á toppnum á þessum lista.

Nú þarf að blása til sóknar í stað stöðnunar.



Lífrænar hringrásir í Listasafni Árnesinga

List fyrir alla og Landsvirkjun styrkja listasafn Árnesinga um rútuferðir í safnið í haust og í vetur.

Verkefnið snýst um að bjóða elsta stigi grunnskólanema í Árnessýslu á sýningu haustsins á Listasafni Árnesinga „Lífrænar hringrásir“ auk þess að vinna skapandi starf með unglingum að framtíðarsýn listasafnsins. Sýningin er samspil lista og vísinda og er samsýning íslenskra og erlendra listamanna.

Sýningin mun höfða vel til eldri hópa grunnskólanema og geta grunnskólakennarar m.a.

nýtt sér sýninguna sem kveikju að ólíkum málefnum og halda áfram að vinna með innan skólans. Grunnskólar í Árnessýslu eru 11 talsins og er mikilvægt að allir fái tækifæri á að heimsækja safnið og upplifa sýninguna óháð búsetu.

Sýningin er tengd ýmsum rannsóknnum listamanna á náttúru og vísindum. Listamennirnir hafa allir á síðustu árum unnið að rannsóknnum þar sem náttúran spilar stóran sess. Það verða svæði þar sem mosi verður ræktaður og hægt verður að fylgjast með ferlinu, verk sem

sýnir hvernig mygla myndast – hvernig hún er lifandi og hægt er að fylgjast með hvernig hún mótast. Einn listamannanna rannsakar jarðhræringar og annar listamaður vinnur með lúpínu sem var flutt inn til Íslands frá Kanada sem skiptar skoðanir eru á. Til viðbótar er annar listamaður sem vinnur með vind – nú þegar að það er verið að tala um að beisla vind við Íslandsstrendur.

Franskur hópur listamanna og vísindamanna sýnir verk sitt Volvox, sem táknar lífið. Í verkinu má sjá kúlulaga þyrpingar einfrumubörunga sem deila sameiginlegu rými í ferskvatni. Nemendur fá að spjalla við listamennina og fá innsýn í gerð listaverkanna og hugmyndafræði. Ýmsir vísindamenn munu einnig taka á móti hópnum og fræða nemendur um ýmis náttúrufræðing og vistkerfi jarðarinnar.

Auk þess hefur safnið myndað ungmennaráð ungl-



Ég vil fá að byrja á að þakka henni Júlíönu fyrir áskorunina, skemmtileg eldskírinn inn í samfélagið á Selfossi! Ég hef ekki verið þekkt af mínum nánustu sem mikill kokkur en það sem ég elska er allt sem er ferskt og fljótlegt! Eftir að við fluttum úr borginni höfum við grætt meiri gæðastundir með börnunum og okkur sjálfum. Ég hafði lengi verið á leiðinni að gera eitthvað af síðu mágkonu minnar og lét af því verða fyrir stuttu! En hún er með jana.is þar sem hægt er að finna endalaust af hollum og girnilegum uppskriftum!

Mér finnst oft meðlætið skipta mestu máli svo hér á eftir kemur upphaldið mitt. Það sem ég gerði var að elda heilan kjúkling í ofni, salta hann vel og krydda eftir smekk.

Frískandi kóríanderjógurtsósa

2 box kóríander
Smá bútur af fersku engiferi
1 tsk cummin-duft
1/6 tsk svartur pipar
1/2 tsk salt eða eftir smekk
2 tsk sítrónusafi
1 tsk hunang
1 bolli laktósafri grísk jógúrt eða nýja hreina hafra jógúrtin frá Veru Örnudóttur.

Öllu blandað saman með töfrasprota eða í góðum blandara. Ötrúlega frískandi og fersk köld sósa sem hentar með fiski, mexíkönskum og grill-

Ég þakka fyrir mig og vil fá að skora á hana Jennýju Lind til að koma með eitthvað extra girnilegt í næsta blað!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Dagný Lóa Sighvatsdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

mat. Þessa sósu átti ég svo áfram í krukku í ísskápnunum og gat notað næstu daga!

Döðlusalat

Hálfur poki af blönduðu salati
1/2 gurka, smátt skorin
Döðlur, steinlausar saxaðar
Eitt avokadó, smátt skorið í teninga
1/2 mangó, smátt skorið
1 rauð paprika, smátt skorin
50 gr heslihetur
100 gr pekanhetur

Hneturnar ristaðar á þurri pönnu á lágum hita í 1-2 mínútur

Öllu nema helmingnum af hnetunum er húrrað saman í skál og hrært saman. Toppað með restinni af ristudu hnetunum.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísingátur-höf:
Páll Jónsson

Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Konan fæðir, kýrin ...
kallinn sekk á herðum ...
Í kulda vont að vera ...
við í móa tímum ...

Svar við gátu í blaði 2764: GLAS



„Viltu vinna 400 milljarða“

Mistök urðu við uppsetningu á blaðinu í síðustu viku þegar nafn höfundar greinarinnar „viltu vinna 400 milljarða“ fór inn nafnlaust. Höfundur greinarinnar var **Sigurjón Erlingsson**. Við biðjumst afsökunar á þessum mistökum.

Ritstjórn Dagskrárinnar

Hefur gengið 200 kílómetra fyrir Hjálparsveitina Trinton

Pernille Tönder hefur síðustu fimm ár gengið 40 km leið í áheita göngunni „Gengið til góðs“ til styrktar hjálparsveitinni Tintron í Grímsnesi. Þetta verkefni hófst þegar hún gat ekki lengur selt lakkris til fjáröflunarskyni vegna Covid-19 og ákvað að nýta gönguferð sem hún og vinkona hennar höfðu skipulagt sem áheita göngu. Það gekk vonum fram og fyrsta árið safnaði hún 122.500 kr.

Árið 2021 hélt hún fram að síðustu stundu að hún væri ein á leið í gönguna en úr því bættist þegar vinkona hennar slóst óvænt í för með henni. Árið 2022 var hópurinn stærri og göngunni

fulgdi meiri stemning. Gangan hefur þróast í vinsælt verkefni og árið 2023 höfðu fleiri bæst í hópinn. Samtals hefur Pernille tekist að safna 720.000 kr. í gegnum göngurnar, og peningurinn hefur farið í ýmsan búnað fyrir Tintron, þar á meðal dróna og þjálfunargræjur fyrir björgunarahunda, en hana dreymir um að ná að safna 280.000 krónum til viðbótar, því þá hafi henni tekist að safna 1.000.000 króna til styrktar þessari flottu hjálparsveit.

Pernille er stolt af þeim árangri sem göngurnar hafa skilað og segir að hún sé óviss um hvort hún muni hætta núna,

þrátt fyrir að hafa hugsað sér að sú fimmta, sem gengin var þann 10. ágúst sl., væri „lokagangan“. Hún leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að styðja hjálparsveitir og hyggst halda áfram að safna fyrir Trinton með einum eða öðrum hætti svo lengi sem stuðningur og áhugi er fyrir hendi.

Skemmtilegt viðtal við Pernille er hægt að lesa á DFS.is og þau sem vilja heita á hana og hina göngugarpana geta millifært beint á Hjálparsveitina Trinton og merkt færsluna „Ganga 2024“. Kt: 490487-1319, Rn: 0586-26-456.




BEINT FRÁ BÝLI

Beint frá býli dagurinn

Fjölskylduviðburður og matarmarkaður hjá Hreppamjólk í Gunnbjarnarholti
sunnudaginn 18. ágúst kl. 13-16

Nánar á beintfrabyli.is



VLFS AUGLÝSIR EFTIR STARFSMANNI

Verkalýðsfélag Suðurlands óskar eftir að ráða einstakling í 100% starf á skrifstofu félagsins á Hellu. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Leitað er að jákvæðum og þjónustulundum aðila.

Félagssvæði Verkalýðsfélags Suðurlands nær frá Þjórsá í vestri að Lómagnúp í austri og nær til alls verkafólks sem starfar á almennum markaði, hjá sveitarfélögum og hjá ríkinu.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Bókhaldsvinna, innheimta og skráning rafræna skjala.
- Símsvörun, upplýsingagjöf til félagsmanna og túlkun kjarasamninga
- Útreikningar og ýmis verkefni tengd vinnuréttarmálum.
- Afgreiðsla/umsjón umsókna í mennta- og sjúkrasjóð.
- Önnur tilfallandi verkefni.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Þekking í bókhaldi og reynsla af skrifstofustörfum kostur
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Þekking á starfsemi stéttarfélaga og þekking á DK bókhaldskerfi kostur.

- Vinnuskylda 9:00-16:00. 13,04% orlof.
- Umsækjendur sendi ferilsskrá og kynningarbréf á guðrun@vlfs.is. Hvetjum alla áhugasama til að sækja um.
- Umsóknarfrestur er til og með 22.ágúst 2024. Kostur er ef umsækjandi getur hafið störf sem fyrst annars/eða eftir samkomulagi.
- Frekari upplýsingar veitir Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður. Sími 487-5000 og guðrun@vlfs.is
- Skrifstofa Verkalýðsfélags Suðurlands er reyklusá vinnustaður.



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Dáleiðsla
HeilsaDáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.


Bókanir á

heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsnir breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FUNDIR

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrúsholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrúsholt 8 - 800
Selfoss.AA Sporgöngufólk f. alla
BókasafnHafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrúsholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Stóra-Núpskirkja

Árleg hestamannamesa sunnu-
daginn 18. ágúst kl. 14. Kirkju-
kórinn syngur undir stjórn Þor-
bjargar Jóhannsdóttur organ-
ista. Messukaffi er á eftir. Hóp-
reið leggur af stað frá Hruna kl.
11. Hestar og fólk.

Selfosskirkja

Næstkomandi sunnudag, þann
18. júlí, verður messa í Selfos-
skirkju kl. 11. Sr. Gunnar Jóhann-
esson þjónar fyrir altari og pré-
dika. Kór Selfosskirkju leiðir
safnaðarsönginn undir stjórn
Edit Molnár organista.

Ölfus, land tækifæranna

Atvinnulífð blómstrar í Ölfusi. Sveitarfélagið og innviðir þess standa sterkum fótum og tækifærin eru fjölmörg. Eitt þeirra tækifæra sem blasa við er að yta undir sérstöðu sveitarfélagsins sem býður upp á raunverulega einstakt svæði til brimbrettaíðkunar, ekki aðeins á landsvísi heldur á heimsvísi. Svæðið er hins vegar í mikilli hættu vegna þess að meirihluti sveitarfélagsins hefur samþykkt að moka yfir það landfyllingu. Það er illa rökstudd aðgerð og á engan hátt í samhengi við hönnun á stækkun hafnarinnar sem nú er að eiga sér stað. Ekki hafa enn verið færð fullnægjandi rök fyrir landfyllingunni sem réttlæta það að eyðileggja tækifærin sem fylgja því að vera eina sveitarfélagið á Íslandi sem býr að öldu sem þessari og jafnframt eyðileggja varanlega fyrir ört stækkandi brimbrettaíþrótt.

Brimbrettaíþróttin Ölfus

Aldan í Þorlákshöfn er besta brimbrettaalda í Skandinavíu. Hún brotnar á flóði og fjöru. Hún er mjög löng eða 300 metrar þegar best lætur og er það afar sérstakt. Hún er mjög aðgengileg og áhættulaust er bæði að komast ofan í sjóinn ofan við ölduna og upp úr sjónum neðan við hana. Aldan brotnar í báðar áttir og brotnar bæði við lítið brim og þegar öldurnar eru risastórar. Af þessum sökum hentar hún breiðum hópi iðkenda, bæði byrjendum og lengra komnum. Botninn við ölduna er með stóru rúnuðu grjóti sem er einstakt á suðurströnd landsins. Það gerir það að verkum að yfirborð sjávar verður slétt þegar aldan brotnar. Viðast hvar á suðvestur horninu er sjávarbotninn grófur og úfínn og því er þessi staður í Þorlákshöfn sá eini á Suðurlandi öllu sem gerir brimbrettafólki kleift að stunda sína íþrótt.

Þorlákshöfn er algjör paradís fyrir brimbrettaíðkun því austan megin við höfnina er löng sandfjara þar sem byrjendur í íþróttinni geta fetað sín fyrstu skref og náð upp færni. Þegar næg færni er til staðar færa þau sig hinum megin við bryggjuna, við Hafnarnesvita þar sem umrædd alda verður til. Hún er fyrir lengra komna og því nauðsynleg íþróttinni svo hægt sé að taka framförum í meira krefjandi aðstæðum sem svipa til þeirra sem eru erlendis. Þessu má líkja við miseríðar skíðabrekkur, þar

sem allir iðkendur geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Kosturinn við brimbrettaíþróttina er sá að svæðið kostar ekkert, það er komið til af náttúrunnar hendi en sé það ekki varðveitt mun það hverfa að eilífu.

Íþrótt í vexti kallar á breytingar

Í Brimbrettafélagi Íslands eru sömu aðilar og börðust fyrir því fyrir um 20 árum síðan að snjóbrimbrettaíðkunar fengju að nota skíðalyfturnar í Bláfjöllum. Á þeim tíma var það ekki leyfilegt en þykir nú sjálfsagt. Snjóbrimbrettaíþróttin var þá að ryðja sér til rúms en nú er eðlilegt að snjóbrimbretti ferðist um skíðabrekkurnar rétt eins og skíði og fjölmargir eiga brettaþúnað og stunda íþróttina. Á sama hátt er brimbrettaíþróttin ný hér á landi en fer ört vaxandi og eru nú um 500 manns í Brimbrettafélagi Íslands. Aldan við Hafnarnesvita er eins og fyrsta flokks skíða-svæði af náttúrunnar hendi. Ímyndið ykkur ef það ætti að moka niður eða steypa yfir Bláfjöll.

Undirrituð hitti nýgift hjón sem sátu á kaffihúsi í Þorlákshöfn og sögðu frá því að þau hefðu valið að koma til Þorlákshafnar gagnert til þess að stunda brimbretti á þessari einstöku öldu, alla leið frá Ástralíu. Fyrstu heimildir um það þegar skrifað var um svæðið og ölduna í Þorlákshöfn eru úr tímaritinu SURFER frá árinu 1997. Síðan þá hefur verið fjallað um hana í ýmsum heimildarmyndum og virtustu tímaritum sem tengjast íþróttinni. Þau sem stunda brimbretti eru á margan hátt eins og fólk sem vill klífa ólík fjöll og ferðast um heiminn til þess að upplifa markverðustu staði heims. Aldan við Hafnarnesvita í Þorlákshöfn er einn af þessum markverðu stöðum heims fyrir þau sem stunda brimbrettaíþrótt. Okkar eigin Kilimanjaro, K2 og Everest.

Útivistarparadísin Ölfus

Nú hefur mikið verið rætt um fjögur hótél sem eiga að rísa í og við Þorlákshöfn, sum komin af stað og önnur á hugmyndastigi. Ef ég væri að horfa í tækifærin fyrir slíka fjárfestingu myndi ég líta til þess hvaða sérstöðu sveitarfélagið Ölfus hefur og sjá að það er algjör útivistarparadís. Í Þorlákshöfn er einn af bestu golfvöllum landsins, langir og góðir reiðstígar, frá-

Ása Berglind
HjálmarsdóttirBæjarfulltrúi í
Ölfusi

bær sundlaug, mótorkrossbraut, fjallahjóra- og æfingasvæði og auðvitað allar gönguleiðir meðfram ströndinni og upp til fjalla, Reykjadalur og fleiri. Brimbrettaíðkun setur algjörliga punktinn yfir i-íð í að marka sveitarfélaginu sérstöðu sem útivistarparadís. Hægt væri að sækja fram bæði á erlendan markað og innlendan, fyrir byrjendur jafnt og lengra komna ef við sem stjórnun sveitarféluginu höfum vit á því að vernda svæðið sem markar þessa sérstöðu. Aldan sem um ræðir er segullinn sem Þorlákshöfn hefur lengi leitað eftir til þess að byggja upp ferðaþjónustu. Þessi segull er í tünfætinum beint fyrir framan okkur - þessi segull kostar ekki krónu heldur aðeins viljann til að varðveita hann.

Það er auðvelt að sjá fyrir sér uppbyggingu við Hafnarnesvita sem dregur fleira fólk að. Heitar laugar, veitinga- og útsýnisstaðir, leikvöllur sem nýtir efniviðinn á svæðinu og aðstaða fyrir fólk sem vill stunda sjóinn sem dæmi. Það er ekki eftirsóknavert að byggja upp hótél og laða að skemmtiferðaskip til þess eins að vera næturstaður og sjá fólk keyra burt úr bænum eftir morgunmat. Það er eftirsóknavert að verða eftirminnilegur áfangastaður með fjölbreyttar upplifanir á allra færi. Þar liggja tækifærin fyrir íbúa í Ölfusi. Ef ég væri erlendur ferðamaður þætti mér sjálfsagt eftirminnilegt að sjá brimbrettaíðkendur út í ísköldu Atlantshafinu og jafnvel fá tækifæri til að prófa. Það væri algjörlega einstök upplifun.

Sú mikla uppbygging í atvinnulífinu í Ölfusi sem er á teiknborðinu getur sannarlega verið jákvæð ef hún er unnin í samræði við íbúa, aðra hagsmunaaðila og í sátt við náttúruna. Sveitarfélagið hefur ekki staðið fyrir einum einasta íbúafundi í tengslum við þessi verkefni og starfar meirihlutinn og bæjarstjóri þeirra án atvinnustefnu. Minnihlutinn hefur ítrekað kallað eftir því síðustu tvö ár að farið verði í vandaða vinnu við gerð atvinnustefnu með þátttöku íbúa. Atvinnuuppbygging verður að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi eins og segir í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem bæjarstjóri sagði nýlega í fréttum RÚV að væri ígildi atvinnustefnu. Í aðalskipulagi segir líka að nýting auðlinda verði að vera sjálfbær og að landnýting stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst meðal annars í byggingararfi og landslagi.



Beint frá býli dagurinn á sunnudaginn

Beint frá býli dagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í fyrra, á sex lögbýlum hringinn í kringum landið, einu í hverjum landshluta.

Tilfnið var 15 ára afmæli félagsins, en tilgangurinn að kynna íbúum starfsemi heimaninnsluaðila á lögbýlum og byggja upp tengsl milli þeirra.

Á býlum gestgjafanna söfnuðust saman aðrir framleiðendur af lögbýlum úr landshlutanum til að kynna og selja sínar vörur. Ýmis afþreying var í boði til viðbótar við það sem býlin sjálf höfðu upp á að bjóða og var dagurinn sérlega barnvænn.

Afar góð mæting var í öllum landshlutum og almennt mikil ánægja. Skipuleggjendur áætla að 3-4000 manns hafi lagt leið sína á bæina samanlagt. Því var ákveðið að gera daginn að árlegum viðburði.



Fjörtíu og sjö tóku þátt í sprettbraut á Selfossi

Sprettbraut fór fram á Selfossi sunnudaginn 12. ágúst sl. Alls 47 keppendur hófu daginn á 750 metra sundi í Sundhöll Selfoss, sem samsvarar 30 ferðum, og héldu beint í 18 km hjól, þar sem leiðin lá um Votmúlahringinn og til baka. Að lokum var hlaupið 5 km að Byko og aftur að sundlauginni, þar sem markið beið keppenda.

Keppt var bæði í almennum og opnum flokki, sem er ætlaður þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í þriðbraut. Í karlaflokki sigraði Sigurður Örn Ragnarsson, en í næstu sætum á eftir honum voru Stefán Karl Sævarsson og Geir Ómarsson. Í kvennaflokki voru þær Sara Árnadóttir, Kristín Laufey

Flrei smáframleiðendur með í ár

Beint frá býli dagurinn verður aftur haldinn síðasta helgidag fyrir skólabyrjun sem í ár er sunnudagurinn 18. ágúst.

Öllum þeim ríflega 200 framleiðendum sem eru í Samtökum smáframleiðenda matvæla sem Beint frá býli er aðildarfélag að, verður boðið að taka þátt, en ríflega helmingur þeirra er á lögbýlum.

Sjö gestgjafar

Gestgjöfunum hefur verið fjölgað úr sex í sjö, þar sem í ár verða tveir á hinu víðfedma Suðurlandi. Á Suðurlandi eystra verður gestgjafinn Háhöll, geitabú á Hornafirði. Á Suðurlandi vestra Hreppamjólk í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á Vesturlandi verður gestgjafinn Grímsstaðaket á Grímsstöðum í Borgarbyggð. Á Vest-

fjörðum verður gestgjafinn Húsavík á Ströndum, en hátíðin verður sameinuð Hrutapukli og verður því haldin á Sauðfjársetrinu Sævangi sem er rétt hjá.

Á Norðurlandi vestra verður gestgjafinn Brúnastaðir í Fljótu í Skagafirði og á Norðurlandi eystra Svartárvatn í Bárðardal.

Á Austurlandi verður gestgjafinn Sauðagull á Egilsstaðabúinu í Fljótsdal, í samstarfi við Óbyggðasetrið sem er staðsett á býlinu.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Eystri-Sámsstaðir - breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir nýrri lóð sem gerir ráð fyrir sex gestahúsum fyrir ferðamenn. Hvert hús um sig verður að hámarki 60 m² að stærð.

Hólmalækur - nýtt deiliskipulag, samhliða aðalskipulagsbreytingu

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 10 lóðum fyrir gestahús fyrir ferðamenn. Heimilt verður að byggja allt að 250 m² gestahús fyrir ferðamenn með möguleika á fastri búsetu á lóð 2-8. Einnig verður heimilt að byggja allt að 300 m² skemmur á lóðunum undir rekstartengdan búnað og 150 m² undir þjónustuhús fyrir rekstur svæðisins. Á lóð 1 er möguleiki að byggja 4-6 hús í 6 klösum innan byggingareitar, heildarbyggingamagn er 2.000 m² og hámarkshæð 8 m. Mannvirki skulu falla inn í umhverfið en að öðru leyti eru húsform frjálsl.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 27. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breytinga á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Hólmalækur - aðalskipulagsbreyting, samhliða nýju deiliskipulagi

Aðalskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að 37 ha landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í íbúðarbyggð (ÍB). Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 27. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Fornhagi - breyting á aðalskipulagi

Aðalskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að 37 ha landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í íbúðarbyggð (ÍB) fyrir allt að 18 lóðum.

Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. ágúst 2024 með athugasemdafrest til og með 6. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra

Þóra Björg Ragnarsdóttir

Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra



Skólameistaraskipti í Fsu

Formleg skólameistaraskipti fóru fram 7. ágúst 2024 á Bollastöðum í FSu. Þá afhenti fráfarandi skólameistari Olga Lísu Garðarsdóttir - sem stýrt hefur FSu af röggsemi í 12 ár -táknrænum FabLab lykli Soffíu Sveinsdóttur nýráðnum skólameistara. Hefð er fyrir því að slík athöfn fari fram að frumkvæði Hollvarðasamtaka skólans. Þar situr núna í forsæti Vera Valgarðsdóttir fyrrum frönskukennari ásamt Önnu Sigríði Árnadóttur fyrrum spænskukennara, Dýrleifu Guðmundsdóttur formanni nemendaráðs og núverandi starfsmönnum Andreu Ingu Sigurðardóttur og Sigþrúði Harðardóttur.

Fráfarandi skólameistarar Sigurður Sigursveinsson og Örlygur Karlsson vottuðu athöfnina með stuttum ræðum, buðu nýráðin skólameistara velkomna, þökkðu Olgu Lísu vel unnin störf og minntust um leið

nýlátins Hjartar Þórarinssonar (1927 – 1924) skólmanns sem öðrum fremur áorkaði það að FSu varð að veruleika.

Nýráðinn skólameistari Soffía Sveinsdóttir er stúdent frá FSu 1997, kenndi efnafræði við MH um árabíl, gegndi þar starfi IB stallara 2008 til 2022. Síðan þá hefur hún starfað sem

sviðsstjóri vettvangseftirlits hjá Matvælastofnun. Soffía er með grunn- og framhaldsmenntun í efnafræði og diplómu í kennslufræðum frá HÍ. Auk þessa hefur hún lokið meistaranámi í mannauðsstjórnun og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.“

JÖZ



Gleðidagur í leikskólanum Árbæ

Það var gleðidagur í leikskólanum Árbæ sl. föstudag þegar gengið var formlega frá samningi milli Sveitarfélagsins Árborgar og Hjallastefnunnar ehf. um rekstur leikskólans og sérstakur útikjarni opnaður.

Þegar leikskólinn Árbær opnaði eftir sumarleyfi ríkti mikil gleði og fögnuður en þá tók leikskólinn formlega til starfa sem Hjallastefnuskóli

Í lok síðasta árs gerðu Hjallastefnan og Sveitarfélagið Árborg samkomulag sín á milli um rekstur leikskólans. Hjallastefnan réði til sín leikskólastjóra, Maríu Ösp Ómarsdóttur, sem af mikilli röggsemi hefur stýrt þeim breytingum sem nauðsynlegar eru þegar aðilaskipti verða á rekstri leikskóla og ný uppeldisstefna innleidd.

Skemmtileg breyting hefur verið gerð á lóð og umhverfi skólans en í starfi Hjallastefnunnar er lögð áhersla á opinn efnivið og náttúrulegt umhverfi barna

Hefðbundin leiktæki hafa verið fjarlægð og lóðin hefur breyst í skapandi heim fyrir



börn og starfsfólk. Útikjarni hefur risið á lóð skólans í sumar og var hann formlega tekinn í notkun í dag, föstudaginn 9. ágúst þegar Margrét Pála Ólafsdóttir höfundur Hjallastefnunnar og Bragi Bjarnason bæjarstjóri klipptu á borðann og buðu börnin velkomin til starfa í þessu glæsilega húsi. Um leið var skrifað formlega undir samning um rekstur leikskólans. Bæði tóku þau til máls og lýstu ánægju sinni með samstarfið og hversu vel undirbúningur hefur gengið.

Bragi fagnaði fjölbreytni í skólastarfi og auknu vali foreldra í Sveitarfélaginu Árborg. Margrét Pála tók undir orð Braga og lýsti gleði yfir þessari samvinnu þar sem gildi Hjallastefnunnar og Árborgar væru í miklum samhljómi.

Alma Guðmundsdóttir og Bóas Hallgrímsson, framkvæmdastjórar Hjallastefnunnar, nefndu að allt frá upphafi hafi markmið með góðum leikskóla og sýn á velferð barna farið saman. Undirbúningur og vinnan öll hefur verið skemmtileg og samstarfið við sveitarfélagið og starfsmenn sem hafa komið að verkefninu verðið afar gefandi og uppbyggilegt. Heiða Ösp tók undir orð framkvæmdarstjóra Hjallastefnunnar um að samstarfið hafi gengið vel og almenn ánægja væri með aukið val með tilkomu Hjallastefnuskóla en í heildina starfa sex leikskólar í Sveitarfélaginu Árborg.

Myndir: HGL

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACN AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubilstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

